



# Kjara- og stofnanasamningar

## Skorður og sveigjanleiki

Gunnar Björnsson, starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis

18. febrúar 2009

# Ákvæði kjarasamninga

- Þrjú kaflar sem einkum reynir á
  - Fyrsti kaflinn um kaup
  - Annar kaflinn um vinnutíma
  - Ellefti kaflinn um stofnanabátt og samstarfsnefndir
- Samspil er milli fyrsta og ellefta kafla og útfærsla á forsendum hvorrar stofnunar
- Annar kafla miðlægur og útfærsla bundin við það sem þar er tiltekið. Mismunandi eftir hverjum kjarasamningi fyrir sig

## 2. kafli um vinnutíma

- Vinnuskylda í fullu starfi er 40 klst á viku
- Helstu tegundir vinnufyrirkomulags
  - Dagvinna, unnin á tímabilinu 08:00 – 17:00 frá mánudegi til föstudags grein 2.2.1
  - Vaktavinna, grein 2.6
  - Starfstími skóla, tilflutningur vinnuskyldu milli árstíða
  - Blandað fyrirkomulag

# Vinnutilhögun á stofnunum

	<b>Fjöldi stofnana</b>	<b>Fjöldi stofnana sem % af heildinni</b>	<b>Fjöldi ársverka</b>	<b>Stöðugildi sem % af heildinni</b>
Framhalds- og háskólar	33	16%	3.415	20%
Stofnanir með dagvinnuskipulag	105	51%	3.851	21%
Stofnanir með vaktavinnuskipulag	37	18%	9.113	54%
Stofnanir með blandað vinnuskipulag	32	15%	940	5%
	207	100%	17.320	100%

# Skólar

- Grunnviðmið; kennslustund kennara
- Mismunandi tilhögun eftir skólastigum, ýmist tilfærsla vinnuskyldu milli árstíða eða tilfærsla verkefna milli árstíða
- Ákvörðunarvald um vinnutilhögun í háskólum er hjá háskólaráði en ekki í kjarasamningi
- Vinnutilhögun framhaldsskólakennara fastákveðin í 2. kafla kjarasamnings

# Dagvinnustofnanir

- Grunnviðmið 08:00 – 17:00 virka daga
- Almenn fráviksheimild í gr. 2.1.2
  - Heimilt er að haga vinnu með öðrum hætti en í kafla þessum greinir með samkomulagi starfsmanna og forráðamanna stofnunar (og með skriflegu samþykki samningsaðila)
  - **Slíkt samkomulag er ekki hluti stofnana-samnings heldur sjálfstætt samkomulag**
- Viðbótarfrávik í mörgum kjarasamningum
  - Sveigjanleiki vegna einstakra starfsmanna
  - Rýmkun dagvinnumarkna án álagsgreiðslna

# Vaktavinnustofnanir

- Tvær tegundir vakta
  - Vaktavinna er sú vinna sem skipt er niður á mismunandi tímabil sólarhrings samkvæmt ákveðnu kerfi
  - Bakvakt. Þar er starfsmaður ekki á staðnum en reiðubúinn að sinna útkalli án tafar
- Mismunandi greiðslur fyrir mismunandi tegundir vakta
- Ákvörðun fyrirkomulags alfarið vinnuveitanda en fyrirvari vegna breytinga misjafn

# 1. og 11. kafli

- Öll ákvæði 1. kafla um kaup eru ófrávíkjanleg og EKKI hægt að breyta í stofnanasamningi
- Tvær meginútfærslur á launatöflum
  - Launatafla með álagsþáttum
  - Launatafla með aldursþrepum
- Samspil 1. og 11. kafla um röðun starfa og hvað leggja skuli til grundvallar vegna
  - grunnröðunar starfs
  - persónu- og tímabundinna þátta



# Stofnanasamningur (11. kafli)

- Stofnanasamningi er ekki ætlað að fjalla um annað en röðun starfa
- Gerð, endurskoðun og breyting á stofnanasamningi er eitt af þeim atriðum sem á undir forræði samstarfsnefndar
- Hvor aðili um sig getur óskað eftir endurskoðun verði umtalsverðar breytingar á forsendum hans
- Formlegar viðræður, skrifleg niðurstaða

Við erum öll starfsmenn. Högum  
öllum okkar ákvörðunum í  
samræmi við það.  
Takk fyrir !